



Óþekktar konur/Ladies Anonymous ca. 1977-1978

Fræg andlit / Óþekktar konur  
Famous Faces / Ladies Anonymous

# Kristín Halldórsdóttir Eyfells

13. janúar - 26. febrúar 2006



Árið 1984 var haldin á Kjarvalsstöðum sýningin 10 gestir Listaháfiðar þar sem 10 íslenskir myndlistarmenn með aðsetur erlendis voru kynntir íslenskum listunnum. Meðal þeirra var Kristín Halldórsdóttir Eyfells sem sýndi þar andlitsmyndir sínar. Sýningin hlaut einkar góðar viðtökur og var einn hápunktur Listaháfiðar það árið.

Það er ánægjulegt að geta boðið að nýju upp á verk Kristínar í salarkynnum Listasafns Reykjavíkur að þessu sinni í Hafnarhúsinu. Viðfangsefni Kristínar eru andlit úr samfima hennar, andlit sem blasa allsstaðar við og eru kunnugleg. Kristín krufði með pensli sínum þessi andlit eða ímyndir samfímans og með kræftri nálgun sinni skapaði hún kraftmikil og persónuleg verk úr hversdagslegum portrettum.

Í því ímyndaflóði sem á okkur dynur nú daglega vill uppruni mynda týnast og hætta að skipta máli. Málverkin sem við fáum nú að njóta hér í Hafnarhúsinu hafa ferðast um langan veg – allt frá Texas þar sem Jóhann Eyfells býr nú, landleiðina að austurströnd Bandaríkjanna og síðan sjóleiðis til Íslands. Þetta er langt ferðalag fyrir viðkvæmar myndir sem eitt sinn voru skapaðar á trönum listakonunnar og verða ekki endurgerðar.

Kristín bjó ásamt manni sínum myndlistarmanninum Jóhanni Eyfells í Florida frá því á sjöunda áratugnum þar sem hún lagði fyrst og fremst stund á list sína. Hún lést í Florida árið 2002.

Listasafn Reykjavíkur vill þakka Hannesi Lárussyni fyrir undirbúning sýningarinnar en án áhuga hans og eldmóðs hefði hún ekki orðið að veruleika. Listasafnið vill jafnframt þakka eftirlifandi eiginmanni Kristínar, Jóhanni Eyfells fyrir aðstoð við undirbúning og lán á verkunum.

**Hafþór Yngvason,**  
safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

In 1984 the exhibition "10 Guests of The Reykjavik Art Festival" was held at Kjarvalsstadir, presenting Icelandic artists living abroad to Icelandic art enthusiasts. Among the artists was Kristín Halldórsdóttir Eyfells who exhibited her portraits. The exhibition was widely acclaimed and was one of the highlights of The Reykjavik Art Festival that year.

It is a pleasure to have the chance to exhibit Kristín's work at the Reykjavik Art Museum again, this time in the Hafnarhús. Kristín's main subject were faces from her own time, faces that were seen everywhere and still are familiar to everyone. Kristín analyzed these faces or images of the day with her paintbrush, and with her demanding approach she created powerful and personal works.

With the flood of imagery that assaults us everyday, the origins of images tend to get lost or too loose relevance. The paintings that we see here in Hafnarhús have come all the way from Texas, cross country to the East Coast of the U.S.A. and then by sea to Iceland. This is a long journey for fragile paintings that came to life on the artist's easel and will now never be recreated.

From the sixties on, Kristín lived with her husband, the artist Jóhann Eyfells, in Florida, where she focused on her craft until she died in 2002. Mr Eyfells now lives in Texas.

The Reykjavik Art Museum would like to thank Hannes Lárússon for the preparation for this show. Without his enthusiasm and passion it would not have happened. The Museum would also like to thank Jóhann Eyfells for his assistance and the loan of her works.

**Hafthor Yngvason,**  
director, Reykjavik Art Museum

## Hávaði og þögn

I.

Kristín Halldórsdóttir Eyfells málaði í æpandi litum. „Listamaðurinn gæfi hrópað af hverjum mæni að hann sé snillingur en þegar öll kurl koma til grafar verður hann að biða dóms áhorfandans svo yfirlýsingar hans öðlist félagslegt gildi, að endingu vísa eftirkomendumir honum til sætis í Listasögunni.“ segir Marcel Duchamp í Sköpunarathöfninni, ræðu fluttri í Houston í Texas árið 1957.

Í yfirborðinu birtist sjálfumgleði fiðarandans. Menn skapa, skemmta og skreyta og hafa að leiðarljósi: „Sveiflandi sverð jókvaðinnar munu fáir standast - ef ég kaup þig, þú kaupir þú mig?!“ Menn hafa hátt, taka stórt upp í sig, eða læðast búralegir með veggjum, beita fyrir sig vínun og vandamönnum, stofnanavæðast, neyta sambanda og brýslings til þess að geta baðað sig reglulega í sviðsljósi fjölmiðlanna. Fletta sig klæðum, leggjast á jörðina eins og gamalt fransbrauð og mæna vonaraugum framan í ímyndaðan markhóp. Andlitíð er með furðulegum hætti þessi himna sem er á milli einstaklingsins og allra hinna (andlitanna). Í fegrunaraðgerðum er lögð áhersla á andlitíð en háls og hendur verða eftir eins og krumpað pergament og sum önnur líffæri svo gott sem í lamasessi. Rassinn, kynfærin, svo ekki sé talað

um iljarnar, eru ekki til sýnis nema með sérstakri viðhöfn. Enginn líkamshluti er samt dularfylri en sjálft andlitíð, enda nær alltaf til sýnis hvað sem á gengur. Kristín Eyfells málaði eiginlega ekkert annað í nær 40 ár.

II.

Þegar menn eru allir koma bókararnir á vettvang og hefja vinnu sína. Vart er að búast við fleiri verkum frá hendi genginna listamanna, nema fyrir milligöngu miðla, falsara eða innblásina sporgöngumanna. Í tilfelli Kristínar Eyfells hefur enn ekki gætt þess konar trúflunar. Til hægðarauka fyrir þá sem munu færa verkin til bókar má hafa eftirfarandi punkta til viðmiðunar. Í floknum Óþekktar konur (Ladies Anonymous) eftir Kristínu er að finna um 50 myndir gerðar á árunum 1971-78, flestar um 125 cm á hæð, en nokkrar eru um 150 cm á hæð. Í þessum verkum eru það fyrirsætur og konur sem hafa atvinnu af því að vera fallegar sem eru til skoðunar. Myndröðin Fræg andlit (Famous Faces) telur rúmlega 100 verk gerð á árunum 1976 -96, stærstu málverkin rétt tæpir 200 cm á hæð, en flest í kringum 150 cm eða nokkru minni. Hér eru fyrirferðamestir stjórnmálamenn af vettvangi heimsmálanna, leikarar og skemmtikraftar.

Auk þessara verka liggja eftir hana nokkur hundruð teikninga og málverk, flest af andlitum og tugir





mynda af andlitshlutum undir heitinu Facescapes, þúsundir ljósmynda, og tugir grafíkverka og skúlptúra. Og í dánartilkynningunni frá 2002 var getið: „Kristín stofnaði kjólaverslunina Fix í Reykjavík sem hún rak í liðlega þrjá áratugi. Hún stundaði nám í Rudolph Schaefer School of Design í San Fransisco í lok fimmta áratugarins. Í San Fransisco kynntist hún eftirlifandi eiginmanni sínum Jóhanni K. Eyfells myndhöggvara. Hún hóf nám í sálfræði 1962 við Hofstra University, Long Island, New York og lauk BS prófi í þeirri grein frá Floridaháskóla í Gainesville og BFA prófi í myndlist 1964 frá sama skóla. Þegar leið á sjöunda áratuginn lagði Kristín viðskipti smám saman á hilluna og snéri sér óskipt að listsköpun. Á listamannsferli sínum tók Kristín Eyfells þátt í yfir 100 einkasýningum og samsýningum í Bandaríkjunum, á Íslandi og víðar.“

Þegar fólk deyr verður ævi þess fljótt straumlinulaga og handhæg og vel til þess fallin, ef í það fer, að smjúga inn í goðsagnavitund eftirkomendanna og öðlast þar annað líf.


III.

Það sem er mest áberandi í verkum Kristínar Eyfells er hversu lítið er um listræn stílbrögð, enda er eins og hún hafi forðast fátt meira en það sem talið var gott og gilt í listum. Ósveigjanleg sjálfstæði hennar jafnt í lífsfil sem listsköpuninni forðaði henni lengst af frá hefðbundinni listamannaöldáun. Hún var löggjafi í sinni listsköpun. Viðkvæði hennar var, þrungið djúpri vissu: „Svona á þetta að vera!“ Pensilskrift hennar er afar stríð, eins og oft sé vír eða klær í stað hára í penslum hennar. Það er ekki laust við að alvöru listamenn og gagnrýnendur hafi sýnt verkum hennar yfirlæti og brosað göðlátlega að gauragangnum á striganum og hugsað: „Svona ætla ég aldrei að gera. . .“ Það er heldur ekki heiglum hent að sitja þannig áratugum saman í sínu horni og fylgjast grant með gangi mála í fjölmiðlum, horfa á sjónvarp og fletta reglulega fimarítum og dagblöðum. Hrifast af ímyndum og persónuleikum og verða fjarvinur þeirra. Markvissir skurðir, tilfærslur og val í anda ljósmynda-tækninnar, skrap og skrumskælingar ásamt

líta- og formórum af meiddi abstrakt málara og sjálfspottnar psychedelic blöndur umbreyta sérhverri ímynd sem hún nær sér í. Gera þær bæði berskjaldaðri og álappalegri en um leið á óútskýranlegan hátt átgengari, persónulegri og öflugri. Það er eins og Kristín Eyfells sé að reyna að fletta yfirborðinu af persónunni. En án samhangandi yfirborðs missir andlitið slagkraft sinn. Andlit Kristínar eru tætt en þó heil. Yfirþyrmandi finnst sumum. Hér er engin venjuleg stofulist á boðstólum. Það er bara sterkasta fólk sem getur yfirvegað tekið við því áreiti sem felst í verkum Kristínar Eyfells. Þeir sem verða sér út um verk hennar gera það ekki af því að Jack, John eða Jón eru vinir þeirra eða í ættinni. Myndir Kristínar eru ekki fjölskyldumyndir, þær eru harmrænn samfimaspegill, einsoga innan vestrænnar menningar á seinni hluta tuttugustu aldar. Þessar myndir eru persónulegar að öllu yfirbragði, skera sig mjög ákveðið úr, en eru þó um leið einkennilega vélrænar eins og mannhöndin hafi hvergi komið nærri. Þær upphelja hvorki né gagnrýna. Það sem birtist í myndum hennar eru hávær andlit, æpandi andlit, þetta eru æpandi málverk, frosinn rammi í kvikmynd sem hljóðið hefur verið tekið af. Það er bæði erlitt af þykja vænt um þessi málverk í anda listunnendanna og að úthúða þeim í vandlætingu góðs smekks og áunninnar meðvitundar um ríkjandi mælistikur.

Hin guðlegu andlit, eins konar altarástíflur úr musterum fjölmiðlanna eru meginviðfangsefni í listsköpun Kristínar Eyfells. Engu að siður er list hennar á margan hátt á skjön við samfímann og hin handhægu flokkunarkerfi. Hvort hún var á eftir, fyrir utan eða á undan er viðfangsefni eftirkomendanna. Að endingu vil ég gefa áhorfendum það heilræði að gefa sér tíma til að finna réttu fjarlægðina til þess að horfast í augu við málverk Kristínar, því það er einungis frá einum punkti sem hvert þeirra öðlast sitt rétta líf; - og súmma svo inn.

Hannes Lárusson



## Noise and Silence

I.

Kristin Halldorsdottir Eyfells painted in screaming colours. "...the artist may shout from all the rooftops that he is a genius; he will have to wait for the verdict of the spectator in order that his declarations take a social value and that, finally, posterity includes him in the primers of Art History," said Marcel Duchamp in *The Creative Act*, a talk given in Houston, Texas, 1957.

In the surface there appears the self-congratulatory aspect of the Zeitgeist. People create, entertain and decorate, spellbound by the idea: "Few will be able to resist the sweeping sword of positivity - if I buy you, you will buy me?" They are noisy, exaggerate, or creep furtively in the shadows, exploit their friends and relatives, become institutionally affiliated, make the best of their contacts and apply pressure in order to regularly bathe themselves in the limelight of the media. They disrobe and lie flat on the ground like old loaves of bread, staring with hopeful eyes into the face of an imagined target group. The face in some strange way acts as a membrane between the individual and the others (other faces). In plastic surgery, the emphasis is on the face, while the neck and hands remain behind like crumpled parchment, and some of the other organs are virtually in disrepair. Peoples' arses, their genitals, not to mention the soles of their feet, are on display under ceremonial circumstances only. No body part, however, is more mysterious than the face itself. It is nearly always on display, no matter what. For nearly 40 years Kristin Eyfells painted practically nothing but faces.

II.

When people have passed away, the bookkeepers arrive. Further works by departed artists can hardly be expected, save perhaps through mediums, forgers or inspired followers. In the case of Kristin Eyfells, there have as yet

been no such disturbances. For the convenience of those who will eventually put her works on file, the following facts may be used as reference: The Ladies Anonymous category contains some 50 pictures created between 1971-78, most around 125 cm tall, although many are approximately 150 cm tall. Models and women of the beauty industry are the subject matter of these works. The Famous Faces series incorporates some 100 works created in 1976 - 96, the largest paintings being just under 200 cm tall, while most are around 150 cm tall, or slightly less. The most conspicuous of these are internationally renowned politicians, actors and entertainers. In addition, several hundred drawings and paintings remain by Kristin, most of them depicting faces; dozens of pictures of facial parts under the name Facescapes; thousands of photographs; and dozens of prints and sculptures. And the obituary in 2002 read: "Kristin founded the dress shop Fix in Reykjavik, which she ran for nearly 30 years. She studied at the Rudolph Schaefer School of Design in San Francisco in the late 1940s. In San Francisco she met her surviving husband, sculptor Johann K. Eyfells. In 1962 she enrolled to study psychology at Hofstra University, Long Island, New York, and completed a BS degree in that field from the University of Florida in Gainesville, and a BFA degree in Fine Arts from the same school in 1964. In the late 1960s, Kristin gradually discontinued her business activities and began devoting herself entirely to her art. Kristin Eyfells took part in over 100 solo and group exhibitions during the course of her artistic career, in the United States, Iceland and elsewhere."

When people die, their lives soon become streamlined and handy and well suited, as it happens, to creep into the mythical consciousness of posterity, thereby gaining a new life.

III.

What is most striking in the works of Kristin Eyfells is the shortage of artistic gestures. As though




she avoided few things more than those that were considered appropriate and acceptable in art. The unyielding independence in her lifestyle as well as in her art saved her most of the time from the customary admiration reserved for artists. She was a legislator in her own art. Her reactions, infused with deep convictions, were: "This is how it should be!" Her brush strokes are very harsh, as though often her brushes were made of claws or wire instead of hair. Perhaps not surprisingly, genuine artists and critics have responded to her works with a hint of condescension, smiling kindly at the boisterousness on the canvas while thinking, "I would never do that. ..." It is, indeed, no small feat to thus sit in one's own corner for decades, closely monitoring current affairs through the media, watching TV, and regularly flipping through magazines and newspapers, fascinated by images of personalities and becoming their distant friend. Systematic cuts, rearrangements and choices in the spirit of photography, scraping, distortions, colour and form fantasies in the manner of abstract painters, and self-generated psychedelic blends dramatically transform each image she picks out. This makes them more vulnerable and weird, yet simultaneously and inexplicably more aggressive, personal and powerful. It is as if Kristin is trying to peel the surface off the person. Without a continuous surface, the face loses its punch. Kristin's faces are torn, yet whole. Some would say overwhelming. This is not your run-of-the-mill, living room art. Only the strongest individuals can serenely accept the aggravation inherent in the work of Kristin Eyfell. Those who acquire her works do not do so because they count Jack or John among their friends or family. Kristin's paintings are not family portraits; they are tragic mirrors of contemporary affairs, a micro-history within Western civilization in the latter part of the 20th century. These paintings are highly personal in their appearance. They stand out in a very definitive way, yet at the same time are curiously mechanical, as though the human hand was not at work. They neither glorify nor criticise. Kristin's paintings depict loud faces, screaming faces; these are paintings that scream, frozen frames

in a film that has the sound turned off. It is both difficult to love these paintings as an art connoisseur and to decry them in the righteousness of good taste and acquired awareness of current criteria.

The divine faces, altarpieces of sorts from the temples of the media, are the main subjects in the work of Kristin Eyfell. Nonetheless her art is in many ways at odds with our times and the convenient systems of categorisation. Whether she was behind, outside, or ahead of her time is something for posterity to determine. Finally, I would like to offer the following advice to spectators: give yourselves time to find the correct distance to meet Kristin's paintings eye to eye, because each work assumes its full life from one single position - and then zoom in.

Hannes Lárusson





Opnunartími í Hafnarhúsi og á  
Kjarvalsstöðum alla daga 10-17.  
Opnunartími í Ásmundarsafni  
maí-september 10-16 og október-  
apríl 13-16.

Aðgöngumiðinn gildir samdægurs  
í öll húsin. Alla sunnudaga kl. 15  
er ókeypis leiðsögn í Hafnarhúsinu.

Hafnarhus and Kjarvalsstaðir are  
open every day from 10 am-5 pm.  
Asmundur Sveinsson Sculpture  
Museum - Asmundarsafn is open  
May-Sept. 10 am-4 pm and  
October-April 1 pm-4 pm.

The entrance ticket is valid the same  
day for all three museums. Guided  
tours are available upon request.

**Sunnudag 15. janúar kl. 15**

Sýningarstjórnspjall

Hannes Lárusson tekur þátt  
í leiðsögn um sýninguna.

**Sunday January 15 at 3 pm.**

Curator Talk

Hannes Lárusson leads a tour  
of the exhibition. In Icelandic.

ICELANDAIR 